

ákæru eða hegningu, hæfilega refsað með 6 ára betrunarhúsvinnu; að öðru leyti ber að staðfesta undirrettardóminn; svo ber hinni ákærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 12 kr. til hvors.

Að því leyti snertir meðferð málsins í hjerði, þá hefur það að vísu verið rekið með tilbærilegum hraða, en yfirdómurinn verður að taka það fram, að hjerðsdómarinn hefði átt að láta lækni skoða ákærðu þegar í stað, er hann varð þess vís, að hún mundi hafa fætt í dulsmáli. Fyrir yfirdóminum hefur sókn og vörn málsins verið lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Þorbjörg Jóhannesdóttir á að sæta 6 ára betrunarhúsvinnu. Um málskostnað í hjerði á dómur undirrettarins óraskaður að standa, svo greiði hin ákærða og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað og þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðm. Pálssonar, 12 kr. til hvors um sig í málsfærslulaun.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 18/1878:

Rjettvísinn
gegn

Margrjeti Steinunni Björnsdóttir.

Dómur:

Með aukapingsdómi Reykjavíkur kaupstaðar gengnum 15. ágústmán. 1878 er ákærða Margrjet Steinunn Björnsdóttir fyrir hneixlanlega sambúð þrátt fyrir á-

minningu amtsins dæmd til fangelsis við venjulegt fangaviðurværi í 2 daga og til að lúka öllum af málinu leiðandi kostnaði, þar á meðal til hins skipaða verjanda 10 krónur. Þessum dómi er eptir ósk hinnar ákærðu áfrýjað til yfirdómsins.

Áður en hinn ákærðu hafði verið birt áminning amtsins um að láta af hneixlanlegri sambúð við Guðmund Lambertsen, flutti hún úr húsi hans; en Lambertsen tókst á hendur ferð vestur á land. Eptir að hann var farinn og áminningin hafði verið henni birt, fluttist hún aptur í hús Lambertsens eptir ráðstöfun þá verandi húsbónda síns S. Eymundssonar, er hafði umráð yfir því. Þegar Lambertsen kom heim aptur úr ferðinni var hún að vísu í húsi hans, en flutti þaðan þegar sama dag. Var hún daginn eptir sett í varðhald og var í því nokkra daga, en þegar henni var sleppt, tók nafngreind kona hjer í bænum hana til sín. Með því nú rjetturinn ekki fær álitid, að þessi vera hennar í húsi Lambertsens geti út af fyrir sig álitist hneixlanleg sambúð við hann, og þar eð engar aðrar upplýsingar eru framkomnar, er gefi grun um, að hún hafi gjörst sek í broti því, sem málið er höfðað út af, verður að dæma hana sýkna af ákæru sóknarans í þessu máli og virðist allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns hennar fyrir undirrettinum 10 kr. og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 12 kr. til hvors, eiga að greiðast úr opinberum sjóði.

Fyrir undirrettinum hefur málið verið rekið með tilbærilegum hraða, en yfirdómurinn getur eigi fallist á það, að hin ákærða hefur verið sett í varðhald og haldið þar í fulla viku, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hin ákærða Margrjet Steinunn Björnsdóttir á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur kostnaður af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns hennar fyrir undirrjetti, cand. juris Kr. Jónssouar, 10 kr. og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna G. Pálssonar og P. Melsteðs, 12 kr. til hvors um sig, greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 3/1878: Tómas Jóhannsson á Garðshorni
 gegn
 sýslumanni og bæjarfógeta St.
 Thorarensen og verzlunarstjóra
 E. Laxdal.

Dómur:

Með stefnu dagsettri 4. febrúarmán. þ. á. og framhaldsstefnu dagsettri 4. maímán. næst á eptir hefur Tómas bóndi Jóhannsson á Garðshorni í Eyjafjarðarsýslu að fenginni gjafsókn áfrýjað til yfirdómsins uppboðsgjörð á $\frac{7}{12}$ úr hákarlaskipinu Elliða, er fór fram fyrir uppboðsrjetti Akureyrarkaupstaðar 6. nóvembermán. f. á. Hefur áfrýjandinn krafizt principaliter, að hin áfrýjaða uppboðsgjörð verði felld úr gildi, og hinn stefndi bæjarfógeti, St. Thorarensen, verði skyldaður til að setja dánarbú Árna skipstjóra Árnasonar frá Glæsi-bæ, er var eigandi að nefndum skipshluta, í samt lag aptur, eins og það var í, áður en salan fór fram; in subsidium: að hinn stefndi bæjarfógeti verði dæmdur til að greiða dánarbúinu sem skaðabætur mismuninn á virðingarverði skipshlutans 19. apríl þ. á. og uppboðs-